

---

---

**MINNISBLAÐ**

---

---

**TIL: SVEITARSTJÓRNAR****EFNI / TILEFNI: SKÝRSLA SVEITARSTJÓRA – JAN.****DAGSETNING: 7. JAN. 2019**

---

Sveitarstjóri og formaður skipulags, byggingar, umhverfis og samgöngunefndar Súðavíkurbrepps áttu fund með fulltrúum Vegagerðarinnar þann 7. jan. Fundurinn var skipulagður eftir umræður á síðasta sveitarstjórnarfundi. Þar óskuðu fulltrúar sveitarfélagsins eftir formlegu svari Vegagerðarinnar vegna lagningu girðingar og göngustígar að Dvergasteini í veghelgun vegarins.

Fulltrúar Vegagerðarinnar voru afdráttalausir varðandi færslu til baka á grindarhliði, og höfnuðu þeirri hugmynd. Umræðu um nýtt grindarhlið við þorpsmörkin, án þess hreyfa við hliðinu hjá Dvergasteini var ekki hafnað, en fulltrúar Vegagerðarinnar tilkynntu að ekkert fjármagn væri til staðar fyrir vorið. Fulltrúar sveitarfélagsins óskuðu eftir að tekin væri afstaða til þess að Súðavíkurbreppur myndi bera kostnað, ef sett yrði niður nýtt grindarhlið við þorpsmörkin, án þess að fjarlægja það gamla hjá Dvergasteini.

Rætt var á fundinum að skilvirkast væri að fara í miklar endurbætur á gömlu girðingunni sem gengur upp í fjallshlið fyrir vorið svo hún haldi fé fyrir innan girðingar, utan þorpsmarka. Slík aðgerð væri samt einungis tímabundin aðgerð, á meðan annað væri ákveðið.

Þau gleðilegu tíðindi bárust frá Hagstofu Íslands að íbúum sveitarfélagsins hefði fjölgað á árinu 2018 um 5 % og þeir væru orðnir 204.

Sveitarfélagið hefur verið boðað á fund með Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga varðandi gjaldtöku í fiskeldi og hlut sveitarfélaga þann 15. jan.

Í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir 2019 er var mikil áhersla lögð á viðhald. Unnið er í að fá verð og lýsingu á viðhaldi gatna í sumarbyggð Súðavíkur. Gert er ráð fyrir að fara að stað í byrjun ársins í viðhald á útrás Súðavíkur.

Fulltrúar RR ráðgjafar munu koma til fundar við sveitarfélagið 9. fundi sveitarstjórnar. Þar munu sveitarstjórnarmenn hafa tækifæri til að leggja fram sínar áherslur og sjónarmið varðandi framgang verkefnisins á næstu misserum.

Breytingar á urðu á skráningu og breytingu í þjóðskrá. En skrifstofa sveitarfélagsins hefur tekið við skráningu í þjóðskrá.

Þann 1. janúar tóku í gildi ný lög um lögheimili og aðsetur (lög nr. 80/2018). Með lögnum taka gildi ýmsar breytingar er varðar tilkynningu og skráningu lögheimilis.

Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

- Flutning innanlands verður eingöngu hægt tilkynna með rafrænum hætti á vef Þjóðskrár Íslands, [www.skra.is](http://www.skra.is), eða á starfsstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík og á Akureyri.
- Flutning til landsins verður hægt að tilkynna á starfsstöðvum Þjóðskrár Íslands og á skrifstofum lögregluembættu landsins.
- Hjónum er heimilt að hafa sitt hvort lögheimilið ef báðir aðilar samþykkja skráninguna.
- Víðtækari skilgreiningar verða á húsnæði sem skrá má lögheimili í, líkt og stofnanir fyrir aldraða, búsetuúrræði fyrir fatlað fólk og áfangheimili.
- Tímabil aðseturskráningar erlendis vegna náms eða veikinda er skilgreint í lögnum. Aðseturskráning vegna veikinda gildir í ár í senn og fjögur ár vegna náms. Að fresti loknum þarf endurnýja staðfestingu á námi eða veikindum.
- Þinglýstir eigendur fasteigna bera ábyrgð á að skráning lögheimilis aðila sem hafa fasta búsetu í húsnæði í þeirra eigu sé rétt. Þinglýstir eigendur munu fá tilkynningu í pósthólf sitt á Ísland.is þegar aðilar skrá lögheimili sitt í fasteign í þeirra eigu.
- Skráning lögheimilis á íbúðir tekur gildi 1. janúar 2020. Með því að skrá lögheimili á íbúðir en ekki bara heimilisfang verður skráning lögheimilis mun nákvæmari en áður.

Súðavík 10. jan. 2018



sveitarstjóri